

Vísar® húsin í húsinu

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir sýningargesti Hafnarborg 30.08.2013 - 27.10.2013

<p>Lesið allan fylgiseðilinn vandlega þar sem hann inniheldur mikilvægar upplýsingar.</p>
<p>Í fylgiseðlinum:</p> <ol style="list-style-type: none">Upplýsingar um <i>Vísa - húsin í húsinu</i> Varðveisla <i>Vísa</i> Listamennirnir og verkin Aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um *Vísa - húsin í húsinu*

Sýningin inniheldur ný verk núlifandi arkitekta og myndlistarmanna. Í verkunum kljást listamennirnir hver á sinn hátt við upplifun fólks af rými og stað. Samhengið er margslunginn þröskuldur hins hefðbundna sýningarrýmis, sem er í stöðugri umbreytingu og allt í senn; einka og opinbert, raunverulegt og ímyndað, varanlegt og hverfult. Á sýningunni kallast verkin á við verk bandaríska listamannsins Gordon Matta-Clark (1943–1978) *Conical Intersect* frá árinu 1975, sem er hluti sýningarinnar, en öll fela verkin í sér einhvers konar vangaveltur um lögmál hins byggða umhverfis, upplifun okkar af því og þátttöku okkar í mótun þess.

Afhjúpun var ákveðið leiðarljós sýningarinnar og í aðdraganda hennar var lista-mönnunum stefnt saman til að kafa ofan í sýningarrými eins og það birtist okkur í Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar við Strandgötu 34. Undir yfirborðinu reyndist vera ýmislegt annað og meira en mætir okkur þar í fyrstu. Þar á meðal draumar um hús sem hafa sumir ræst en aðrir ekki.

Þetta er mynd af myndlistarmanninum Gordon Matta-Clark sem er einn af höfundum myndanna í myndlistarmanninum.

Mörg hús eru aðeins til sem vísar; sem hugmyndir, teikningar, eða módel. Hefðbundnar arkitektateikningar myndgera mögulegt ferðalag um ímyndað hús. Ýmist flæði ljóss og lofts um op og óþétt efni eða ferðalag fólks um ólík rými hússins. Misþykkir veggir og önnur skilrúm setja ferðalaginu skorður og skilgreina þröskulda. Lífið sjálft skráir sig í byggð hús þar sem við skiljum eftir okkur spor sem íbúar og gestir. Á yfirborðinu endurspeglast húsið eins og það birtist okkur í nútímanum en ef grafið er undir yfirborðið má rekja sig aftur í tímann. Marglaga málning, veggfóður og gólfefni, glugga-, dyra- og stigaop sem fyllt er upp í eða rákir eftir veggj sem hafa verið brotnir niður eru eins og ör í húsinu. Þetta eru brotakennð ummerki sem benda jafnframt á eyður sem geta þarf í. Hvort tveggja eru vísbendingar um lífið í húsinu á ólíkum tímum, eins konar spor eftir ferðalag kynslóðanna. Sérhvert hús, hvort heldur á teikningu eða þar sem það stendur reisulegt á ákveðnum stað, vísar ekki aðeins inn á við í húsið sjálft heldur einnig út fyrir sig, á nærumhverfið og hugmyndafræðina sem það sprettur úr. Þannig má líta á hús sem eins konar glugga inn í ákveðinn hugmyndaheim.

Þetta er mynd af myndlistarmanninum Gordon Matta-Clark sem er einn af höfundum myndanna í myndlistarmanninum.

Núlifandi kynslóðir arkitekta og myndlistarmanna eiga mikilvæga fyrirmynd í Gordon Matta-Clark. Verk hans, sem eru í senn pólitískar og fagurfræðilegar yfirlýsingar um hlutverk og hverfuleik manngerðs umhverfis, eru áhrifamikíð innlegg í umræðuna um mótun umhverfis sem eiga ekki síður erindi við samtímann en þá tíma þegar þau voru unnin. Þau eru hluti af stærri hreyfingu þar sem greina má viðleitni til þess að leita nær hversdagsleikanum að viðfangsefnum myndlistar. Um leið hreyfa þau við hugmyndum okkar um mörk og möguleika arkitektúrs, sem getur þó aldrei komist undan því að taka áþreifanlega þátt í mótun umhverfisins. Kvikmyndir, ljósmyndir, skissur og teikningar af gjörningum og inngrípum Matta-Clark í umhverfið eru vitnisburður um skurði og varpanir húsa sem spenna út nýjar víddir og spyrja nýrra spurninga. Þetta eru lifandi verkfæri sem fá okkur til að horfa annað og öðruvísi á heiminn - og á hús.

Þetta er mynd af myndlistarmanninum Gordon Matta-Clark sem er einn af höfundum myndanna í myndlistarmanninum.

Í raun má líta á verkin á sýningunni sem einhvers konar hús eða vísa að húsum í húsinu. Þetta eru ýmist raunveruleg hús sem rísa fyrir lögmál hins byggða umhverfis eða ímynduð hús sem lúta eigin lögmálum, klækjum skáldskaparins og sjónrænni blekkingu. Í sérhverju húsi búa hugmyndir, draumar og reynsla liðins tíma sem og kitlandi von um nýja framtíð. Ýmist vegna þess að húsið er okkur nýstárlegt eða vegna þess að ferðalag um fortíð hússins getur sett ákveðna hluti í samhengi og gefið okkur færi á að mæta framtíðinni á nýjan hátt.

Þetta er mynd af myndlistarmanninum Gordon Matta-Clark sem er einn af höfundum myndanna í myndlistarmanninum.

Sýningargestir eru boðnir velkomnir í ferðalag gegnum húsin í húsinu á fyrsta farrými hugar- og þyngdarafsisins. Þar má búast við að koma auga á eitthvað sem áður var hulið. Ekki aðeins er snertir húsin sjálf heldur jafnvel það hvernig við byggjum og getum byggt hús - og samfélag. Ummerki og upplifanir úr ferðalaginu hlaðast utan á þykka umbreytingasögu hússins við Strandgötu 34. Þetta eru vísar, spor úr ferðalagi um möguleg hús.

2. *Vísar* og varðveisla

Húsið við Strandgötu 34 í Hafnarfirði, sem frá árinu 1983 hefur verið rammi utan um Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar, var upphaflega teiknað árið 1920 af Guðjóni Samúelssyni fyrir danska apótekarann Sören Kampmann. Þetta var eitt af fyrstu húsunum sem reist var sjávarmegin við Strandgötuna og stóð þá aðeins nokkra metra frá hafinu. Í húsinu bjó Sören ásamt konu sinni Lenu í tæp tuttugu ár, nánar tiltekið í íbúðinni fyrir ofan Hafnarfjarðarapótek, sem var á jarðhæð hússins. Sverrir Magnússon lyfjfræðingur tók við apótekinu af Sören árið 1947 og flutti þá inn í íbúðina ásamt konu sinni Ingibjörgu Sigurjónsdóttur, en þau bjuggu í íbúðinni fram undir lok sjöunda áratugarins. Sverrir vann stöðugt að því að breyta og bæta við húsið og urðu stærstu viðbyggingarnar að veruleika með sýningarsölum Hafnarborgar á árunum 1983–1988 þegar Hafnarfjarðarbær var að taka við rekstri listamiðstöðvarinnar. Þær vefja sig utan um upprunalega húsið og byrgja gluggana þar sem áður var horft til hafs. Þegar hér var komið við sögu hafði nærumhverfið tekið miklum stakkaskiptum frá því húsið var byggt og breiður bílastæða á stórum landfyllingum sjávarmegin við Strandgötuna.

Sverrir var stórhuga þegar kom að framtíðarsýn fyrir Strandgötu 34 og starfsemi hússins. Hann setti ekki aðeins mark sitt á húsakynnin og starfsemina þar heldur einnig á starfsumhverfi lyfjaframleiðslu og lyfsölu á Íslandi. Um leið og hann var maður nýrra hugmynda var hann safnari og umhugað um að varðveita söguna. Til merkis um það kom hann innréttingum forvera síns og fleiri munum haganlega fyrir í geymslum í kjallaranum við Strandgötu en síðar voru innréttingarnar fluttar í Lyfjafræðisafnið á Seltjarnarnesi, þar sem Sverrir var í hópi forgöngumanna. Málverk og bækur þeirra hjóna voru, eins og Sverrir komst sjálfur að orði, vísir að safni, sem var stofngjöf þeirra að Hafnarborg ásamt húsinu við Strandgötu 34.

Þetta er mynd af myndlistarmanninum Gordon Matta-Clark sem er einn af höfundum myndanna í myndlistarmanninum.

Þegar kafað var ofan í rými og umhverfi Hafnarborgar komu í ljós gripir, hlutir og ummerki um hugmyndir sem urðu ekki endilega að veruleika en bera vott um drauma og framtíðarsýn sem tengist umbreytingarferli hússins og nærumhverfisins. Í kjallaranum voru fjölmargar og fjölbreyttar teikningar af húsinu sem spanna yfir 70 ára tímabil. Þar á meðal teikningasafn Rögnvaldar Ó. Johnsen, sem hafði dregið upp margbreytilegar hugmyndir um viðbætur við Strandgötu 34, allt frá því Sverrir tók við apótekinu árið 1947 og vel fram á áttunda áratuginn. Á háaloftinu voru upp-runalegir gluggar hússins varðveittir ásamt ýmsum húsmunum, tímaritum og fleiru. Munir og minningar úr geymslunum eru í senn vísar að lífinu í húsinu áður fyrr sem og vísar að draumum um horfna framtíð. Minningabrotin og munirnir rata nú sem efniviður og innblástur á sýningu og verða þar hluti af sjálfstæðu framhaldi sögu hússins við Strandgötu 34.

3. Listamennirnir og verkin

ELÍN HANSDÓTTIR, f. 1980

Elín Hansdóttir hefur vakið athygli fyrir innsetningar sem taka á sig ýmis form en eiga það yfirleitt sameiginlegt að fást við skynjun mannsins á umhverfinu og upplifun á tíma. Verk hennar byggja oft á kúnstugum rýmisumbreytingum sem verða jafnvel heilir heimar sem ganga má inn í og hverfa frá stund og stað. Skúlptúr Elínar á sýningunni *Vísar* er settur saman úr níu réttþyrndum einingum þar sem aðeins ein þeirra nemur við gólf. Í návígi við skúlptúrinn endurspeglast upplifun manna á lögmálum jafnvægis og burðarþoli um leið og verkið opnar okkur leið inn í óravíddir þeirra möguleika sem búa í hugaraflinu. Með skúlptúrnum eru sýndar ljósmyndir sem vísa í, oft mótsagnakennt, hlutverk náttúrunnar í íslenskri byggingar- og menningarhefð. Elín lauk námi við Listaháskóla Íslands 2003. Hún býr og starfar í Berlín þar sem hún lauk framhaldsnámi frá KHB Berlin-Weissensee árið 2006.

www.elinhansdottir.net

ILMUR STEFÁNSDÓTTIR, f. 1969

Ilmur Stefánsdóttir vinnur jöfnum höndum við myndlist, gjörningalist og leikmynda-hönnun. Á sýningunni *Vísar* blandast þessir ólíku heimar í verki hennar, sem er eins konar bræðingur af leikmynd, innsetningu, gjörningi og vídeóverki. Stökkbreyting hluta er llmi hugleikið efni og í verkinu leitar hún upprunalega hússins við Strand-götu 34 og veltir fyrir sér lífi fólksins í húsinu í húsinu. Í kjölfarið endurheimtir húsið sinn fyrri sess með sjávarútsýni af svölunum. Þá lifnar stásstofa hússins, sem við getum kíkt inn í gegnum bogaglugga, við á ný. Í opinberuðu einkarými stofunnar gætir áhrifa frá *Tidens Kvinder* og fleiri tímaritum úr geymslum háaloftsins. Hér er Ilmur í senn í hlutverki sögumanns og sögupersónu og finnur sér stað á hárfinni línu milli leiks og veruleiks. Um leið býður hún sýningargestum hlutverk mótleikara, sem er einhvers staðar á milli virðulegs áhorfanda og gluggagægis. Ilmur lauk námi við Myndlista- og handiðaskóla Íslands árið 1995 og framhaldsnámi í myndlist við Goldsmiths College í London árið 2000. Hún starfar með leikhópnum CommonNonsense sem hefur staðið fyrir ýmsum leiksýningum og setti m.a. upp heimildaleikverkið *Tengdó* árið 2012.

MARCOS ZOTES, f. 1977

Marcos Zotes fæst við eðli borgarinnar sem net mannvirkja og upplýsinga þar sem fólk og hugmyndir flæða um. Verk hans endurspeгла áskoranir og möguleika sem birtast okkur í félagslegum og pólitískum hlíðum hins opinbera rýmis og hafa þau ratað víða um heim, meðal annars á arkitektatvíringinn í Feneyjum.

Á sýningunni *Vísar* vinnur Marcos með upprunalega glugga hússins að Strandgötu 34 sem leyndust á háalofti hússins undir þykku ryklagi tímans. Með því að setja gluggana hugvittsamlega saman á ný og hengja upp í sýningarrýminu verður til nýtt hús í húsinu: hús sem áður var að mestu einkarými en er nú til sýnis í opinberu sýningarrými. Svo getur virst sem húsið sé gengið aftur. Mörkin milli inni og úti eru ófniskennnd og við upplífum húsið ýmist innan frá, utan frá eða mitt þar á milli. Marcos lauk námi í arkitektúr frá London Metropolitan University 2008, M.Arch II gráðu frá Columbia University í New York 2011 og Post-Graduate Certificate in Advanced Architectural Research frá sama skóla árið 2012. Marcos er spænskur að uppruna en býr og starfar á Íslandi.

www.unstablespace.com

Þetta er mynd af myndlistarmanninum Theresa Himmer.

THERESA HIMMER, f. 1976

Í fjölbreyttum verkum Theresu Himmer endurspeglast leið hennar að myndlistinni sem liggur um lendur arkitektúrs. Á sýningunni *Vísar* leikur hún sér með ólíkar birtingarmyndir arkitektúrs; teikningar, módel, burðargrind og ljósmyndir. Nálgun Theresu byggir á rannsókn sem verður grunnur að kortlagningu á ferðalagi hug-mynda gegnum tíma og rúm. Í safni teikninga Rögnvaldar Ó. Johnsen sem leyndist í geymslum Hafnarborgar býr ákveðin kveikja. Teikningarnar endurspeгла ólíka framtíðardrauma um húsið við Strandgötu 34, þar á meðal amerískættaðan draum um mótel frá 7. áratugnum. Með því að reisa brot úr teikningu af mótelinu sem þrívíða burðargrind, en um leið sem risavaxinn skúlptúr í sýningarsalnum, skeytir Theresa saman hliðstæðum rýmum frá ólíkum tíma og ólíkum menningarheimum. Aðra rýmishliðstæðu má upplífa í gegnum ljósmyndir þar sem fyrir bregður frystihúsi sem er byggt eftir teikningum Rögnvaldar. Hér er horft gegnum módel af sama herbergi og myndirnar hanga í; raunveruleikinn skoðaður frá rými draumsins. Einnig verður ákveðinn viðsnúningur á hefðbundnu sjónarhorni á módel: í stað þess að vera hlutur sem horft er á verður það verkfæri til þess að horfa út. Theresa lauk námi frá arkitektaskólanum í Árósum 2003, MFA gráðu frá School of Visual Arts í New York 2011 og Whitney Independent Study Program í New York 2012. Hún er dönsk að uppruna og býr og starfar í New York og á Íslandi.

www.theresahimmer.com

Þetta er mynd af myndlistarmanninum Gordon Matta-Clark sem er einn af höfundum myndanna í myndlistarmanninum.

GORDON MATTA-CLARK (1943–1978)

Gordon Matta-Clark lagði stund á arkitektúr en tók afstöðu gegn hefðbundinni sýn á fagið og átti í kjölfarið þátt í að hreyfa áþreifanlega við mörkum þess. Með verkum sínum ruddi hann nýja braut fyrir arkitekta um leið og hann skapaði sér sess meðal áhrifamikilla listamanna sem störfuðu á áttunda áratugnum. Meðal þekktustu verka hans eru róttæk inngríp í borgarumhverfið þar sem hann bókstaflega sker hús. Þar á meðal er verkið *Conical Intersect* sem hann vann árið 1975. Með gerð verkins blandar höfundurinn sér í umbreytingarferli Beaubourg hverfisins í París og hefur þannig áhrif á borgarmyndning. Í verkinu fremur Matta-Clark nákvæman keiluskurð gegnum tvær byggingar sem voru í þann mund að víkja fyrir Pompidou safninu. Með skurðinum verða byggingarnar sem slíkar og listræni gjörningurinn í heild sinni verkfæri til að horfa á hús, hverfi og hugmyndir á nýjan hátt. Skrásetning inngripsis er hluti af verkinu sjálfu og á sýningunni *Vísar* eru kvikmynd, ljósmyndir og teikning úr verkinu. Þetta er í fyrsta sinn sem verk eftir Gordon Matta-Clark eru sýnd á Íslandi.

4. Aðrar upplýsingar

Vettvangur fyrir sýningarstjórn

Sýningin *Vísar* er sú þriðja í haustsýningaröð Hafnarborgar. Með röðinni opnar safnið fyrir hið óvænta og ræðst í samstarf um hugmynd sýningarstjóra sem valin er úr innsendum tillögum. Með haustsýningaröðinni vill Hafnarborg skapa farveg fyrir áhugaverðar hugmyndir og óhefðbundnar nálganir á sýningarstjórn um leið og safnið verður vettvangur þar sem myndlist fær notið sín mótuð af fjölbreyttum viðhorfum og viðfangsefnum. Árið 2011 hóf haustsýningaröðin göngu sína með sýningunni Í bili sem unnin var af Ólöfu Gerði Sigfúsdóttur og 2012 var sett upp sýningin *SKIA* í sýningarstjórn Guðna Tómassonar.

Sýningarstjóri

Sýningarstjóri er Anna María Bogadóttir menningarfræðingur og arkitekt. Hún lauk framhaldsnámi í menningarfræði og upplýsingatækni í Kaupmannahöfn og starfaði í tæþan áratug við menningar- og sýningastjórn áður en hún hélt til New York þar sem hún lauk M.Arch gráðu frá Columbia University árið 2010. Anna María hefur unnið á arkitekta- og borgarhönnunarstofum í New York og Miami og fæst nú við hönnun, ráðgjöf og rannsóknir á borgarumhverfi auk kennslu við Listaháskólann og Háskóla Íslands.

Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.

Sýningarstjóri: Anna María Bogadóttir Texti: Anna María Bogadóttir Grafísk hönnun: Ármann Agnarsson Þýðandi: Sarah Brownsberger og fleiri Prentun: Prentmet © Hafnarborg 2013	Pakkir: The Estate of Gordon Matta-Clark Jessamyn Fiore David Zwirner New York/London Lyfjafræðisafnið Kvikmyndasafn Íslands Listaháskóli Íslands
	



Hafnarborg

Indications® Buildings within a Building

Leaflet: Informations for exhibition guests
Hafnarborg 30.08.2013 - 27.10.2013

Read all of this leaflet carefully as it contains important information.

Index

- 1. About *Indications – Buildings within a Building***
- 2. *Indications* and proper storage**
- 3. The artists and their works**
- 4. Further information**

1. About *Indications – Buildings within a Building*

The exhibition *Indications* includes new works by present-day artists and architects. Here the artists in their different ways wrestle with people's experience of space and locale. The context is the complex threshold of traditional gallery space, which undergoes transformation both continual and sudden, private and public, real and imaginary, lasting and brief. In the exhibition, the works of the artists respond to the artwork *Conical Intersect* by American artist Gordon Matta-Clark (1943–1978) that is part of the exhibition. Each work evokes reflections on the nature of the built environment as well as our participation in shaping it.

As part of developing the exhibition, artists and architects were summoned to dissect the spaces and functions of Hafnarborg, Hafnarfjörður's art and cultural centre at Strandgata 34. What turned up below the surface was different from and more than what first meets the eye. It included dreams of buildings, some realized, some not.

Many buildings exist only as indications – as ideas, designs, or models. Conventional architectural drawings depict potential passages through an imagined building, whether of light and air flowing through holes and permeable materials or people passing through the building's various spaces. Walls of varying thickness and other partitions limit passage and define thresholds. Life is recorded in built structures, in the traces we leave as residents and guests. On the surface a building reflects our present perception of it but by delving below the surface we can wend our way back in time. Layers of paint, wallpaper, and flooring, walled-over door and window openings, and ridges from demolished walls are the growth-circles of a building. These are fragmentary clues and in turn suggest absences that can only be guessed at; both are indicative of the life of the building at different times. These clues are also footprints of each generation's passage through the ideas of its era. Each building, whether as blueprints or an imposing fixture of a locale, points not only inward to its own life but outward at the surroundings and the ideology that shaped them. Thus a building can be seen as a window on a particular worldview.

The American artist and architect Gordon Matta-Clark (1943–1978) is an important exemplar for present-day architects and artists. The films, photographs, sketches, and schematic drawings of his performances and installations record incisions into and outward projections of buildings that unleash new dimensions. They are political and aesthetic declarations on the ontology, role, and ephemerality of space and our participation in shaping it.

Matta-Clark's work is an influential contribution to the debate on shaping the environment and has no less import now than when it was made. It is a living tool for getting us to look in a new and different way at the world – and buildings. In one sense Matta-Clark's work is part of a larger trend concerned with bringing art closer to daily life. It also jostles our ideas of the limits and possibilities of architecture, which can never abstain from or avoid taking a material role in shaping the environment.

The works in this exhibition may indeed be seen as buildings within buildings, whether actual structures erected according to the laws of the built environment or imaginary buildings obeying their own laws of poetic sleight-of-hand or optical illusion. Each building harbours thoughts, ideas, and dreams of the past and also inklings of hope for the future, whether because its structure looks novel to us or because passing through this building's past puts certain things into context for us and enables us to receive the future in a new way.

Exhibition guests are cordially invited to pass through the buildings within the building, riding first-class on imaginative and gravitational power. Here glimpses may be caught of formerly-hidden things concerning not only the building itself but the very way we build or might build buildings—and societies. The traces and experiences of the passage will add a layer to the thick history of the building at Strandgata 34. They will be indications, the path left by a journey through possible buildings.

2. *Indications* and proper storage

The Strandgata 34 building, which since 1983 has enframed the cultural and arts centre Hafnarborg, was originally designed in 1920 by Guðjón Samúelsson for the Danish pharmacist Sören Kampmann. It was one of the first structures built on the south side of Strandgata and at the time stood just a few metres from the sea. Kampmann and his wife lived nearly twenty years here, or more precisely in the apartment above the Hafnarfjörður Pharmacy, which occupied the ground floor. Pharmacist Sverrir Magnússon took over from Kampmann in 1947 and moved into the apartment with his wife Ingibjörg Sigurjónsdóttir, who was also a pharmacist; they lived here well into the 1960's. Sverrir Magnússon steadily labored at altering and improving the Strandgata building. The largest additions came into being as Hafnarborg galleries between 1983 and 1988. They envelop the original building, blocking windows where people once looked out to sea. Meanwhile, ever more land was reclaimed for the parking-lot below Strandgata.

Sverrir Magnússon was expansive in his visions for Strandgata 34 and its functions. He left his mark not only on the premises but on the climate of pharmaceutical manufacture and sales in Iceland and of culture in Hafnarfjörður. Although a man of new ideas, he was also a collector bent on preserving history, as was evidenced in his neat arrangements of his predecessor's equipment and other artifacts in the building's basement storerooms; the equipment was later moved to Seltjarnarnes to the Museum of Medical History, at which Magnússon had a leadership role. Books and paintings belonging to him and his wife became, as he himself put it, the first indication of a museum – their bequest to Hafnarborg along with the Strandgata 34 building.

During preparations for this exhibition many discoveries were made in Hafnarborg's storerooms. Delving into the museum space and environment brought treasures to light, objects and conceptions that didn't necessarily bear fruit yet testify to dreams, visions, and historical flukes in the transformations of the structure and its surroundings. The building's original windows turned up in the attic, along with domestic furnishings, magazines, and more. The basement yielded many disparate designs for the building over a 70-year span. Among them was a collection by Rögnvaldur Ó. Johnsen, who sketched various ideas from 1947, when Magnússon took over the pharmacy, on into the 1970s. The relics and memorabilia from the storerooms are indications of the past life of the building and indicate dreams of a vanished future. The mementos and objects now find their way into this exhibition as material and inspiration and here become part of an independent sequel to the history of the building at Strandgata 34.

3. The artists and their works

ELÍN HANSDÓTTIR, b. 1980

Elín Hansdóttir has garnered attention for installations that vary in form but usually have in common some exploration of our perceptions of the environment and experience of time. Her works often build on artful transformations of space, even becoming whole worlds that viewers can enter into, losing track of place and time. Hansdóttir's sculpture for *Indications* is composed of nine rectangular sections, only one of which touches the floor. Coming face to face with this sculpture illuminates our sense of the laws of balance and weight-bearing, as the work opens a vista on the far limits of mind-over-matter. Accompanying the sculpture are photographs alluding to the often-contradictory role of nature in Icelandic architectural and cultural tradition. Elín Hansdóttir graduated from Iceland Academy of the Arts in 2003. She lives and works in Berlin, where she earned her graduate degree at KHB Berlin-Weissensee in 2006. www.elinhansdottir.net

ILMUR STEFÁNSDÓTTIR, b. 1969

Ilmur Stefánsdóttir divides her time between visual art, performance art, and set design. In *Indications* these different worlds join in an amalgam of theatre set, performance, and video work. The permutations of objects are a point of interest for Stefánsdóttir and in this piece she searches out the original building at Strandgata 34 and contemplates the life of the house within the building. Thus the building reclaims its original setting, with ocean views off the balcony. The parlor too is revived and can once again be peered in at, through bay windows. The unveiled private space of the parlor shows the influence of *Tidens Kvinder* and other magazines found stored in the attic. Here Stefánsdóttir both narrates and performs history, playing a dual role on the fine line between public and private space, acting and reality. She thereby invites viewers to play opposite her, in a role falling somewhere between respectable viewer and peeping-Tom. Ilmur Stefánsdóttir graduated from the Icelandic College of Art and Crafts in 1995 and took her graduate degree in visual art at Goldsmiths College, London, in 2000. She works with the theatre troupe CommonNonsense, which has mounted various productions including the documentary play *Tengdó* in 2012.

MARCOS ZOTES, b. 1977

Marcos Zotes explores the nature of the city as a network of man-made construction and information through which people and ideas flow. His work, which highlights the challenges and possibilities posed by social and political aspects of public space, has made its way to many points on the globe, including the Architecture Exhibition of the Venice Biennale. For *Indications*, Zotes works with the original windows of Strandgata 34, which were hiding in the building's attic under the thick dust of time. Ingeniously reassembled and hung in the gallery space, the windows evoke a new building within the building. What was mainly private space stands on display in public exhibition space. Like a risen ghost of the building it has insubstantial boundaries between outside and in; we experience it from within, without, and in between. Zotes earned his degree in architecture from London Metropolitan University in 2008, a M.Arch. II degree at Columbia University in 2011, and a Post-Graduate Certificate in Advanced Architectural Research at Columbia in 2012. A native of Spain, Zotes lives and works in Iceland. www.unstablespace.com

THERESA HIMMER, b. 1976

Theresa Himmer's diverse works reflect her arrival in art via the territory of architecture. For *Indications* she plays with architecture's different manifestations in drawings, models, skeletal frames, and photographs. Himmer's approach builds on research that forms the basis for mapping ideas' trajectories through time and space. The collection of Rögnvaldur Ó. Johnsen's drawings found tucked away in Hafnarborg's storerooms was one catalyst. The drawings reflect various dreams for the future of Strandgata 34, including the America-derived dream of a 1960s-style motel. By constructing a fragment of the motel design in the gallery space, as a 3-dimensional skeleton and gigantic sculpture, Himmer fuses parallel spaces from different times and cultural worlds. Another spatial parallel is offered in photographs showing glimpses of a freezing plant designed by Johnsen. We view them through a model of the very room the photographs hang in – reality seen through dream-space. In a reversal of our conventional notion of a model, the work shifts from being an object to look at to being a tool for looking outward. Theresa Himmer graduated from the Aarhus School of Architecture in 2003, earned her MFA in 2011 from the School of Visual Arts in New York, and was a 2012 participant in the Whitney Independent Study Program. A native of Denmark, she lives and works in New York and Iceland. www.theresahimmer.com

GORDON MATTA-CLARK (1943–1978)

Gordon Matta-Clark was trained as an architect who resisted conventional views of architecture and thus had a hand in broadening the field. His work broke new ground for architects and placed him among the influential artists of the 1970s. He is best-known for radical interventions in the urban environment in which he literally cuts into buildings. *Conical Intersect*, executed in 1975, is one of his building cuts. In this work the author involves himself in the transformation of Paris's Beaubourg neighborhood, making his mark on the cityscape. Matta-Clark performs a precise conical incision through two buildings set to be demolished to make way for the Centre Pompidou. The incisions turn the buildings themselves and the entire performance into a tool for viewing buildings, neighborhoods, and ideas in a new way. Documenting this intervention was an integral part of the work. *Indications* presents a film, photographs, and drawings from *Conical Intersect*, in the first Icelandic exhibition of Matta-Clark's work.

4. Further information

Curatorial platform

The exhibition *Indications* is the third in Hafnarborg's autumn exhibition series. The aim of the series is to create a curatorial platform where the museum collaborates with a curator whose exhibition proposal is chosen from submissions. With the autumn exhibition series the museum becomes a channel for new and interesting curatorial ideas as well as a venue for art formed by various views and subjects. The exhibition *In Between*, curated by Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, was the first exhibition in Hafnarborg's autumn exhibition series, followed by the exhibition *SKIA* in 2012, curated by Guðni Tómasson.

Curator

The autumn exhibition in 2013 is curated by Anna María Bogadóttir. She holds masters degrees in Cultural Studies and Information Technology and for close to a decade she worked as director and curator in various cultural institutions in Reykjavík and Copenhagen before completing an M.Arch. degree from Columbia University in 2010. Anna María has worked in the fields of architecture and urban design in New York and Miami. Currently she works as a designer and researcher and teaches at the Iceland Academy of the Arts and University of Iceland.

Keep this leaflet. You may need to read it again.

Curator: Anna María Bogadóttir
Text: Anna María Bogadóttir
Graphic Design: Armann Agnarsson
Translation: Sarah Brownsberger and others.
Print: Prentnet
© Hafnarborg 2013

Thanks to:
The Estate of Gordon Matta-Clark
Jessamyn Fiore
David Zwirner New York/London
Lytjafraeðisafnið
Kvikmyndasafn Íslands
Iceland Academy of the Arts



Hafnarborg